

Mosfellsbær  
Skipulagsfulltrúi  
þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 21. nóvember 2017  
UST201710-042/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Lýsing. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011 - 2030 -tillaga að breytingu,  
Flugumýri - Desjamýri**


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu aðalskipulags Mosfellsbæjar á svæði Flugumýri og Desjamýri.


Í lýsingu kemur fram að skortur er á lóðum fyrir athafnastarfsemi og að áætlað er að stækka athafnasvæðið í Flugumýri-Desjamýri norðan Skarhólabrautar úr 12,6 ha í 15,7 ha. Aðliggjandi íbúðarsvæði minnkar samsvarandi úr 49,4 ha í 46,3 ha. Stækkun athafnasvæðis mun ná yfir svæði sem er aðallega tún og lágróður.

Í lýsingu kemur fram að á skipulagssvæðinu eru ekki verndarsvæði af neinu tagi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur